

## Aðalfundur KKH 2011

### *Aðalfundur KKH haldinn 29.nóvember 2011*

Skýrsla formanns.

Á síðasta aðalfundi kórsins sem haldinn var 23. nóvember 2010 var skipað í nefndir og ráð eins og venja er. Ný nefnd var sett á laggirnar, svokölluð síðanefnd, sem hefur nú skilað inn til stjórnar tillögum sínum. Stjórnin var endurkjörin á fundinum.

Á jólatónleikunum „Hátíð í bæ“ á Selfossi í byrjun kom kórinn fram ásamt Karlakór Selfoss og Karlakór Rangæinga og mynduðu þessir þrír kórar glæsilega sunnlenskan karlakór. Mikil samkoma hjá Kjartani Björnssyni sem gaman var að taka þátt í.

14. desember var síðasta æfing fyrir jól með hefðbundnu jólaglöggi og gleði.

Í byrjun janúar var kórinn beðinn um að syngja í sjötugsafmæli í Grímsnesinu en þetta var fyrsta afmælið af fimm sem kórinn söng í á árinu.

Æfingar hófust á nýju ári 11. janúar. Söngdagur var síðan á Hvolsvelli 15. janúar. Rúta var tekin á staðinn og eftir að æft hafði verið bæði vel og lengi voru þau heiðurshjónin Ísólfur Gylfi og Steinunn heimsótt. Kvöldið endaði síðan með kvöldverði á Hótel Hvolsvelli.

Vortónleikar voru haldnir 16.apríl á Flúðum þar sem hin stórglæsilega söngkona Halla Dröfn söng bæði ein og með kórnum.

Kórinn kom fram á styrktartónleikum sem Kirkjukór Hruna-og Hrepphólasókna hélt á Flúðum.

Hinu eiginlega vetrarstarfi lauk síðan í lok apríl með söng- og skemmtiferð til Reykjavíkur þar sem kórinn söng ásamt Drengjakór Hafnarfjarðar í Guðríðarkirkju. Árshátíð kórsins var síðan haldin á Hótel Hilton Nordica.

Þrátt fyrir sumarfrí kom kórinn nokkrum sinnum fram. Sungið var fyrir Glitni á Hótel Flúðum, í tveimur afmælum og við vígslu Hvítárbrúarinnar.

Fyrsta æfing haustsins var síðan 13. september og stóð mikið til. Æft var grimmt fyrir fyrirhugaða tónleikaröð kórsins sem halda átti um mánðarmótin okt.-nóv. Tónleikarnir voru auglýstir undir fyrirsögninni „Liszt í 200 ár“. Til að gefa sem besta mynd á tónlistarsnillinginn Franz Liszt komu fram á tónleikunum Miklós Dalmay píanóleikari, Ágúst Ólafsson baritón og Unglingakór Selfosskirkju. Kynnir á tónleikunum var Arndís Björk Ásgeirsdóttir. Sýning í máli og myndum var sett upp á hverjum tónleikastað en sungið var á Flúðum, Þorlákshöfn, Í Salnum í Kópavogi og í Selfosskirkju. Skipulag og stjórn á tónleikunum var síðan alfarið á hendi Editar og þakkar kórinn henni fyrir gott samstarf.

Í byrjun október sá kórinn um allan söng við jarðarför Péturs Hjálmssonar.

Karlvöld var haldið 11. nóvember af II.bassa með tilheyrandi hrossakjötsáti og skemmtilegheitum.

Eins og þið hafið heyrt hefur þetta verið viðburðarríkt ár og mikið mætt á sumum við undirbúning við hina ýmsu viðburða. Ég þakka kórfélögum fyrir vel unnin störf og gott samstarf á liðnu starfsári.

Aðalsteinn Þorgeirsson, formaður